

**Ferðamálakönnun á Íslandi  
1991-1992**

**Farþegar sem ferðast  
með ferjunni Norrönu**

**sumarið 1991**



---

**Félagsvísindastofnun**

---

**Janúar 1992**

## Efnisyfirlit:

<b>Inngangur: Markmið könnunarinnar og samandregnar niðurstöður.....</b>	<b>3</b>
<b>I.1 Um ferðamanninn.....</b>	
- Hverjir koma með ferjunni og hverjir koma með flugi til Íslands? (aldur, kyn, þjóðerni, tekjur, starfsstétt).....	9
<b>I.2 Um ferðina.....</b>	
- Hvað einkennir ferðalag þeirra sem koma með ferjunni? (ferðalög um landið, lengd dvalar, ferðafélagar, tegund ferðar, kostnaður).....	15
<b>I.3 Áreiðanleiki niðurstaðna .....</b>	<b>23</b>

## Inngangur: Markmið könnunarinnar og samandregnar niðurstöður

### Markmið sérúttektar á ferjufarþegum

Ferðamálakönnunin á Íslandi 1991-1992 er hluti af stærra verkefni sem unnið er fyrir ferðamálanefnd Norðurlandaráðs og miðar að því að afla upplýsinga um ferðaþjónustu á Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Markmiðið með upplýsingaöflun þessari er að fá ítarlegar upplýsingar sem aðilar í ferðaþjónustu í þessum löndum geta notfært sér við uppbyggingu og framþróun atvinnugreinarinnar.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er unnin sérstaklega til að kynna bakgrunni og ferðamáta þeirra ferðamanna er koma til landsins með farþega- og bílaflutningaferjunni Norrönu, og leggja upp í ferð sína um landið frá Seyðisfirði. Sérúttekt þessi er unnin upp úr niðurstöðum viðamikillar könnunar sem Félagsvísindastofnun gerði meðal allra erlendra ferðamanna sem komu til Íslands sumarið 1991 (sjá skýrsluna Erlendir ferðamenn sumarið 1991, október 1991). Sá samanburður á ferjufarþegum og flugfarþegum sem hér kemur fram, ætti að geta aukið það notagildi sem könnunin í heild sinni hefur fyrir aðila í ferðaþjónustu, meðal annars á landsbyggðinni. Gefnar eru upplýsingar um þau atriði sem helst þykja líkleg til að skilja á milli ferjufarþega og þeirra sem ferðast með flugi. Allar tölur eru gefnar upp bæði fyrir heildarúrtak allra erlendra ferðamanna, svo og úrtak flugfarþega og úrtak ferjufarþega, til að auðvelda samanburð. Lesendur skýrslu þessarar eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um marktækni niðurstaðna sem er að finna í kafla I.3 (bls 23-24), en þær er einkar mikilvægt að hafa í huga við lestur þessarar skýrslu vegna þess hve misfjölmennir hópar ferjufarþega og flugfarþega eru.

### Samandregnar niðurstöður

Niðurstöður úttektar þessarar eru að mestu leyti settar fram í töflum, og skiptast þær í tvo kafla. Fyrri kaflinn hefur að geyma tíu töflur er sýna samanburð á flugfarþegum og ferjufarþegum hvað varðar ýmsar bakgrunnsbreytur og eiginleika, s.s. aldur, kyn, þjóðerni, stéttarstöðu og tekjur. Í síðari kaflanum eru sextán töflur sem sýna niðurstöður er varða ferðalagið sjálft, s.s. lengd dvalar í mismunandi landshlutum, með hverjum var ferðast, hvort ferðast var í pakkaferð eða á eigin vegum, hvað var innifalið í pakkaferðum, hver var skoðun manna á verðlagi á Íslandi og hver útgjöld manna vegna ferðalagsins voru.

## Hvernig fólk kemur með Norrönu til Íslands

Þeir erlendu ferðamenn sem velja þann kost að sigla með bílferju til Íslands eru ívið yngri (tæpra 40 ára að meðaltali) en þeir sem fljúga til landsins (tæplega 41 árs að meðaltali). Stærsti aldurshópurinn, bæði meðal flugfarþega og ferjufarþega er hópur þeirra sem eru á aldrinum 26-35 ára. Lítinn munur er að finna á hlutföllum aldurshópa í þessum tveimur hópum ferðamanna, þangað til komið er upp fyrir miðjan sextugsaldurinn, en hlutfall fólks sem er 56 ára og eldra er nokkuð minna meðal ferjufarþega (13,5%) en meðal flugfarþega (18,9%).

Kynjaskipting svarenda er áberandi ólík eftir því hvort litið er á flugfarþega eða ferjufarþega. Karlar eru í talsverðum meirihluta í heildarúrtakinu sem gert var, eða 59,7% á móti 37,2% kvenna, en í úrtaki ferjufarþega verður þessi munur enn meiri, því þar eru karlar 70,8% allra farþega en konur aðeins 29,2% farþega.

Þjóðernisskipting þeirra sem koma með ferjunni til Íslands endurspeglar að nokkru leyti þá áfangastaði sem ferjan hefur. Til að mynda koma nánast engir Norður-Ameríkumenn með ferjunni, mjög fáir Bretar (2,9%) en allir þeir Færeyingar sem til náðist í könnuninni (4,2%). Þetta segir þó ekki alla söguna, því hlutfall Svía og Dana til dæmis, er stærra meðal flugfarþega heldur en ferjufarþega, og hlutfall Svisslendinga, Hollendinga og Belga er stærra meðal ferjufarþega en flugfarþega, þótt ferjan sigli ekki til þessara landa. Mest áberandi er þó hve mikill fjöldi Þjóðverja er meðal ferjufarþega, en þeir eru 41,3% allra sem ferðast með Norrönu. Þetta eru 226 manns, eða tæpur þriðjungur allra Þjóðverja sem svör fengust frá í könnuninni í heild (730 manns).

Þjóðernaskiptingin kemur skýrar fram þegar litið er á töfluna þar sem þjóðerni svarenda er flokkað gróft eftir heimshlutum, en þar má sjá að Norðurlandamenn eru álíka margir hlutfallslega með flugi og ferju, en ferðamenn frá norðvestur-Evrópu eru í mun stærra hlutfalli meðal ferjufarþega (62%) en meðal þeirra sem ferðast með flugi (46%). Suður-Evrópumenn eru aftur á móti mun færri hlutfallslega meðal ferjufarþega en flugfarþega, eins og við var að búast vegna legu heimalanda þeirra.

Á töflu 1.6 þar sem þjóðerni svarenda er sýnt lítillega flokkað er að finna samanburð á hlutföllum þjóðerna í könnuninni annars vegar og tölum útlendingaeftirlitsins um hlutföll þjóðerna meðal þeirra ferðamanna sem komu til landsins á tímabilinu sem könnunin náði yfir, júlí og ágúst 1991 hins vegar. Þar má sjá að skekkjur í samsetningu svarendahópsins eru mjög litlar, með nokkrum undantekningum þó, til dæmis er hlutur Þjóðverja og Ítala ofmetinn, en Danir eru of fáir í úrtakinu,

Stéttarstaða þeirra sem ferðast með ferjunni er ekki ýkja frábrugðin stéttarstöðu þeirra sem ferðast með flugi, með þeirri undantekningu þó að hlutur iðnaðar- og tæknimanna er helmingi stærri meðal ferjufarþega (13,6%), en meðal flugfarþega (5,6%), og örlítið fleiri kennarar og heilbrigðisstarfsmenn eru meðal ferjufarþega. Þá má sjá að ívið meira

er um skrifstofumenn, stjórnendur og atvinnurekendur meðal flugfarþega, og sömuleiðis ívið meira um húsmæður og lífeyrisþega.

Launaleg staða ferðamannanna, miðað við meðaltekjur í heimalandi þeirra, er einnig mjög keimlík í báðum hópunum. Ferðamenn í báðum hópunum segjast að meðaltali vera rétt fyrir ofan meðaltekjur og algengasta svarið í báðum er 'í meðallagi' (3,0 á kvarðanum 1-5). Þó er einn munur á skiptingu hópanna í tekjuhópa, og hann er sá að hlutfall fólks með beinlínis háar tekjur er smærra í hópi ferjufarþega (6,7%) en meðal flugfarþega (11,6%). Þetta leiðir til þess að miðgildin eru ólík, 'í meðallagi' fyrir ferjuna og 'í hærra meðallagi' hjá flugfarþegum.

Hvað einkennir ferðalag þeirra sem koma með Norrönu

Dvalartími þeirra sem koma með ferjunni til landsins er að meðaltali þrem dögum lengri en þeirra sem koma með flugvél. Ef aðeins eru teknir þeir flugfarþegar sem komu hingað í frí, en langflestir ferjufarþegar eru hér í fríi, þá er munurinn 4 dagar, en flugfarþegar sem koma í frí dvelja hér að meðaltali í 12,8 daga, meðan ferjufarþegar dvelja að meðaltali í 17,6 daga (einnig þeir fáu sem ekki eru í fríi). Ef litið er á tíðasta gildið þá kemur í ljós að algengast er að ferjufarþegar dvelji hér í 21 dag, en flugfarþegar í frí oftast í 14 daga.

Athygli vekur að breytileiki í lengd dvalar er mun meiri hjá þeim sem ferðast með flugi. Helgast þetta m.a. af því að lágmarksdvöl ferjufarþega er ein vika, en flugfarþegar eyða sumir aðeins einni nótt á landinu.

Ljóst er að ferjufarþegar eyða mun stærri hluta dvalar sinnar úti á landi en þeir sem koma með flugvél. Sá munur kemur skýrast fram ef litið er á Reykjavík, en þar dvelja ferjufarþegar að meðaltali þremur nóttum skemur en flugfarþegar (4,8 á mótí 1,9).

Álíka mikill munur er á dvalarlengd á austurlandi, þeim landshluta þar sem ferjufarþegarnir stíga af og á skipsfjöl, nema þar er dæminu snúið við, þar dvelja ferjufarþegar 2 nóttum lengur að meðaltali. Svipað gildir um norðurland, þar dvelja ferjufarþegar nálægt því 2 nóttum lengur en hinir. Hvað varðar suðurland þá kemur ekki fram eins mikill munur í meðaltalinu, en stefnan er í sömu átt.

Munurinn á dvalartíma milli landsbyggðar og Reykjavíkur kemur þó hvað skýrast fram ef litið er á algengasta svarið fyrir mismunandi landshluta hjá hópunum. Algengasta svarið hjá ferjufarþegum, þegar þeir eru spurðir um fjölda náttu í Reykjavík, er 'engin nótt', á meðan 'engin nótt' er algengasta svarið fyrir öll landssvæði nema Reykjavík, þegar litið er á flugfarþegana. Algengasta svarið fyrir flugfarþegana þegar spurt er um Reykjavík er 3 nætur.

Þegar spurt er með hverjum sé ferðast, hvort menn séu einir á ferð, með fjölskyldu og vinum eða öðrum hópi, kemur í ljós að ferjufarþegar ferðast mun oftast með vinum og ættingjum (76,2%) heldur en flugfarþegar (60,8%). Samsvarandi munur er á hlutfallslegum fjölda

þeirra sem eru einir á ferð, en þeir eru 10,7% með ferjunni, á móti 25,5% með flugi.

Mikill meirihluti ferjufarþega ferðast á eigin vegum (80,5%), en aðeins rúmur helmingur flugfarþega (51,4%). Aðeins 14,6% ferjufarþega segjast vera í pakkaferð, en 40% flugfarþega eru í pakkaferð. Þá eru einnig færri ferjufarþegar sem segjast vera bæði í pakkaferð og á eigin vegum.

Allir svarendur sem kváðust vera í pakkaferð voru beðnir að tilgreina hvort ýmsir liðir ferðakostnaðar hefðu verið innifaldir í verði pakkans. Í heild er niðurstaðan á þá leið að meira virðist vera innifalið í pakkaferðum þeirra sem koma með flugi. Þetta gildir um ferðir, gistingu, skoðunarferðir og mat. Flug og aðrar ferðir voru innifaldar í verði pakkaferðar hjá 96% flugfarþega en 86,6% þeirra ferjufarþega sem voru í pakkaferð. Gisting var innifalin í pakkaferð í 94,4% tilfella hjá flugfarþegum en 83,5% tilfella hjá ferjufarþegum. Til að auðvelda samanburð á tíðni þess að matur væri innifalinn í pakkaferðum, voru lagðar saman hlutfallstölur fyrir alla þá sem svöruðu spurningunni um innifalinn mat í pakkaferð á einhvern hátt játandi (þ.e. fullt, hálf eða annað fæði), en samkvæmt því reynast 78,9% flugfarþega í pakkaferð hafa mat innifalinn í ferðinni, en 67,2% ferjufarþega í pakkaferð. Skoðunarferðir voru mun sjaldnar innifaldar í pakkaferð hjá ferjufarþegum (47,7%), heldur en hjá flugfarþegum (70,9%), enda flytja margir hóparnir með sér eigin vagna og aðrar bifreiðar sem þeir aka á um landið og sérstakra skoðunarferða gerist því ekki þörf. Skemmtanir voru jafn oft innifaldar hjá hópunum, eða í rúmum 16% tilella hjá báðum.

Í þeim hluta könnunarinnar sem laut að huglægu mati á ferðareynslunni á Íslandi var meðal annars spurt um mat á verðlagningu matar og drykkjar og mat á verði gistingar. Lítinn mun er að finna þegar svör við þessum spurningum eru skoðuð með tilliti til ferðamáta. Um verð á gistingu má segja að það gildi jafnt um alla ferðamenn að tæpum helmingi þykir verðið of hátt en rúmum helmingi þykir það viðráðanlegt. Verð á mat og drykk telja rúmlega þrír fjórðu hlutar allra ferðamanna vera of hátt, en fimmtungi þeirra þykir það viðráðanlegt.

### Kostnaður við ferðina hjá ferjufarþegum og flugfarþegum

Loks var spurt nokkurra spurninga um þann kostnað sem ferðamenn báru af ferðinni til Íslands. Samanburður á niðurstöðunum fyrir hina tvo hópa farþega leiðir í ljós að ferjufarþegar eyða minna fé að jafnaði meðan þeir dvelja á landinu, og leggja því minni heildarkostnað í ferðina heldur en flugfarþegar, enda þótt farmiði þeirra sé nokkuð dýrari að meðaltali og þótt þeir dvelji hér að jafnaði nokkuð lengur, eða 17,6 daga að meðaltali, meðan flugfarþegar í fríi dvelja hér 12,8 daga að meðaltali.

Ef fyrst er litið á verð á flugmiða eða skipsmiða til og frá landinu, þá kemur í ljós að ferjufarþegar borga meira fyrir miðann á mann heldur en flugfarþegar. Þetta gildir jafnt hvort sem litið er á meðaltal, miðgildi eða tíðasta gildi, þótt nokkur breytileiki sé í því hversu mikill munurinn virðist vera. Á meðaltalinu munar 3000 ísl. krónum (flug: 47.742/ ferja: 51.900), á miðgildinu munar rúmum 10.000 krónum og á þeirri upphæð sem oftast er nefnd í hvorum hópnum munar yfir 20.000 krónum. Síðastnefndi mælikvarði er þó síst áreiðanlegur, vegna þess hve fáir einstaklingar eru að líkindum á bak við hvern verðflokk sem nefndur er.

Þegar litið er á kostnað við pakkaferð, kemur í ljós að flugfarþegar borga meira fyrir þær en ferjufarþegar, en sú niðurstaða kemur ekki á óvart í ljósi þess hve mikið meira virðist vera innifalið í þeim ferðum sem fela í sér flug til og frá landinu. Rétt er að varast að draga of miklar ályktanir af niðurstöðum þessum um verð á pakkaferð vegna þess hve svarendahópur ferjufarþega er lítill (101 svar), enda eru aðeins 15% þeirra í pakkaferð. Meðalverð fyrir flug-pakkaferð er 118.647 en meðalverð fyrir ferju-pakkaferð er 94.534. Miðgildi verðs á flug-pakka er 116.400 en miðgildi verðs á ferju-pakka er 74.250.

Þá var spurt um aðra eyðslu innanlands, eða kostnað þann sem borinn var af ferðinni þegar flug- eða skipsmiði og/eða pakkaferð eru ekki talin með. Í ljós kemur að mun meiri breytileiki er í þeirri upphæð sem nefnd var hjá flugfarþegum heldur en ferjufarþegum, og sést það á hærra staðalfráviki. Þetta er einkum áberandi þegar litið er á heildareyðslutölur hópa sem ferðast saman og þegar litið er á þá tölu sem reiknuð var út til að sýna eyðslu á mann á dag að meðaltali.

Önnur eyðsla fjölskyldu eða hóps í heild, þegar pakkaferðir, flug- og skipsmiðar eru frátaldir, er að meðaltali rúm 70.000 þegar flugfarþegar eiga í hlut. Þessi upphæð fer nálægt 86.000 þegar ferjufarþegar eru skoðaðir, enda ferðast þeir oftast með fjölskyldu sinni en flugfarþegar. Miðgildið er aðeins tæp 37.000 hjá flugfarþegunum, og bendir það til þess að sú mikla dreifing sem er í gögnunum tákni það að nokkuð margir séu í þeim hópi með afar litla eða nánast enga eyðslu. Miðgildið fyrir ferjufarþega er 70.400.

Önnur eyðsla á mann er að meðaltali mjög svipuð, eða um 42.000 hjá flugfarþegum og um 43.000 hjá ferjufarþegum. Þessi tala bendir þó til þess að ferjufarþegar ferðist ódýrar en hinir, þar sem þeir dvelja hér yfirleitt lengur. Miðgildið hins vegar er mun lægra hjá flugfarþegum, eða 25.000 meðan það er 35.000 hjá ferjufarþegum. Sú staðreynd að ferjufarþegar ferðast ódýrar kemur aftur fram þegar litið er á aðra eyðslu á mann á dag, en hún reyndist vera mun minni hjá ferjufarþegum, eða 2.694 krónur að meðaltali, en hjá flugfarþegum sem eyddu að meðaltali 4.335 krónum.

Ofangreindar tölur um annan kostnað virðast í fyrstu fela í sér mótsögn. Sú staðreynd að ferjufarþegar dveljast lengur á landinu og að þeir ferðast oftast með fjölskyldu sinni eða vinum, getur hins vegar leitt til þess að ferðin hjá þeim sé hagkvæmari fyrir hvern mann, og kostnaður

því lægri pr. dag. Þetta getur skýrt það sem virðist í fyrstu vera mótsögn milli þessara þriggja eyðslutalna ferjufarþega, þ.e.a.s. að önnur útgjöld hópsins í heild séu mun hærri en hjá flugfarþegum, að önnur útgjöld hvers einstaklings séu ekki hærri og að önnur útgjöld fyrir hvern einstakling á dag séu helmingi lægri.

Loks voru reiknuð út heildarútgjöld ferðamanna fyrir ferðina alla, en þar voru miðaverð/pakkaferð og önnur eyðsla lögð saman, en ekki tekið tillit til dvalartíma (tafla 2.15). Þá kemur fram að heildarútgjöld flugfarþega eru að meðaltali um 20.000 krónum hærri en hjá hverjum ferjufarþega. Þetta skýrist líklega af því að pakkaferðir flugfarþega eru mun dýrari en ferjufarþega, og að eyðsla innanlands er meiri.

Ef litið er á heildarútgjöld þessara hópa að meðaltali *á mann á dag* má sjá að þar munar helmingi, og eru ferjufarþegar með helmingi lægri útgjöld. Þetta má skýra með því sem áður er nefnt um lengri dvalartíma ferjufarþega og því að þeir ferðast oftast með fjölskyldu eða vinum sem hafa sameiginleg útgjöld.



## **I.1.**

**Um ferðamanninn:**

**Hverjir koma með ferjunni til Íslands  
og hverjir koma með flugi?**

**(Töflur 1.1-1.10)**

**Tafla 1.1**  
 Ferðamáti svarenda í ferðamála­könnun Félagsvísindasstofnunar 1991

	Fjöldi	Hlutfall allra	Hlutfall af þeim sem svara
Flug	2727	83,3	83,3 %
Ferja	547	16,7	16,7 %
Alls	3274	100%	100%

**Tafla 1.2**  
Aldur svarenda - meðaltal

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasti aldur	Fjöldi svara
Allir	40,7 ár	15,2 ár	39,0 ár	50,0 ár	3174
Flugfarþegar	40,9 ár	15,4 ár	39,0 ár	50,0 ár	2639
Ferjufarþegar	39,8 ár	14,2 ár	38,0 ár	30,0 ár	535

**Tafla 1.3**  
Aldur svarenda - flokkaður

	Flug %	Ferja %
25 ára og yngri	18,2	17,0
26 - 35 ára	25,4	25,8
36 - 45 ára	18,5	23,4
46 - 55 ára	19,0	20,4
56 - 65 ára	11,2	8,6
66 ára og eldri	7,7	4,9
Fjöldi	2639	535
p = 0.0141 *		

**Tafla 1.4**  
Kyn svarenda - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Karlar	59,7	70,8
Konur	40,3	29,2
Fjöldi	2633	537
p = 0.0000 ***		

**Tafla 1.5**  
Þjóðerni svarenda - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Bandaríkin	10,4	0
Stóra-Bretland/Írland	11,4	2,9
Þýskaland	18,5	41,3
Danmörk	4,5	4,0
Svíþjóð	8,5	4,9
Noregur	3,4	6,6
Finnland	2,6	0,5
Grænland	0,1	0
Færeyjar	0,0	4,2
Frakkland	11,5	9,9
Sviss	7,4	8,6
Ítalía	9,4	4,2
Spánn	0,7	0,4
Holland	2,9	3,5
Belgía	0,9	1,5
Austurríki	4,1	3,5
Portúgal	0,1	0
Sovétríkin	0,0	0
Pólland	0,2	0
Júgóslavía	0,1	0,9
Önnur A-Evrópulönd	0,0	1,6
Önnur V-Evrópulönd	0,5	0,5
Lönd í S-Ameríku	0,2	0
Kanada	0,6	0,2
Ástralía	0,6	0,2
Nýja-Sjáland	0,3	0
Japan	0,4	0
Önnur lönd í Asíu	0,2	0
Afríka	0,1	0
Ísland	0,3	0,5
Fjöldi	2726	547
p = 0.0000 ***		

**Tafla 1.6**  
Þjóðerni svarenda fínflokkað - greint eftir ferðamáta til og frá landinu með samanburði við hlutföll þjóðerna í tölum Útlendingaeftirlitsins um komur erlendra ferðamanna til Íslands

	Flug %	Ferja %	Útlendinga- eftirlitið %
USA/Kanada	11,0	0,2	11,1
Stóra-Bretland/Írland	11,5	3,3	9,6
Þýskaland	18,5	41,0	19,5
Danmörk/Grænland/Færeyjar	4,3	3,8	7,0
Svíþjóð	8,6	5,1	7,8
Noregur	3,7	7,0	5,1
Finnland	2,4	0,5	2,5
Frakkland	11,5	9,7	11,6
Sviss	7,7	8,6	7,1
Ítalía	9,5	4,0	6,3
Holland/Belgía	3,7	5,1	3,5
Austurríki	4,1	3,5	4,1
Önnur Evrópulönd	2,0	7,7	2,6
Annað	1,5	0,4	2,1
Fjöldi	2714	546	—
p = 0.0000 ***			

**Tafla 1.7**  
Þjóðerni svarenda grófflokkað - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Norðurlönd	19,1	20,7
Norðvestur-Evrópa	46,1	62,1
Rómanska Evrópa	21,9	14,1
Norður-Ameríka	11,0	0,2
Annað	1,8	2,9
Fjöldi	2714	546
p = 0.0000 ***		

**Tafla 1.8**  
Stéttarstaða svarenda - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Verkfólk/gæslum./afgreiðslufólk	7,6	8,4
Iðnaðar-/tæknimenn	5,6	13,6
Skrifstofu-/þjónustufólk	13,7	10,9
Heilbr.stéttir /kennarar	12,6	14,2
Sérfræðingar/háskólamenn	24,6	24,4
Stjórnendur/atvinnurekendur	13,3	10,9
Nemar/stúdentar	11,5	10,5
Lífeyrisþegar/húsmæður	11,0	7,0
Fjöldi p = 0.0000 ***	2555	513

**Tafla 1.9**  
Tekjur svarenda miðað við meðaltekjur í heimalandi þeirra: flokkað  
- greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Lágar	3,7	3,2
Í lægra meðaltali	5,5	6,9
Við meðaltal	40,0	42,3
Í hærra meðaltali	39,2	40,9
Háar	11,6	6,7
Fjöldi p = 0.0163 *	2541	506

**Tafla 1.10**  
Tekjur svarenda miðað við meðaltekjur í heimalandi: meðaltöl  
1=lágar; 2=í lægra meðallagi; 3=í meðallagi; 4=í hærra meðallagi; 5=háar.

	Fjöldi Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta	
				svar	svara
Allir	3,5	0,9	4,0	3,0	3047
Flugfarþegar	3,5	0,9	4,0	3,0	2541
Ferjufarþegar	3,4	0,8	3,0	3,0	506

## **I.2**

**Um ferðina:**

**Hvað einkennir ferðalag þeirra sem koma með ferjunni?**

**(Töflur 2.1-2.16)**

**Tafla 2.1**  
Fjöldi nátta sem dvalið var í mismunandi landshlutum

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta svar	Fjöldi svara
<u>Fjöldi nátta í Reykjavík</u>					
Allir	4,3	14,3	3,0	2,0	2955
Flugfarþegar	4,8	15,5	3,0	3,0	2471
Ferjufarþegar	1,9	2,4	2,0	0,0	484
<u>Fjöldi nátta á Vesturlandi</u>					
Allir	1,0	4,2	0,0	0,0	3100
Flugfarþegar	0,9	4,5	0,0	0,0	2598
Ferjufarþegar	1,5	2,1	1,0	0,0	502
<u>Fjöldi nátta á Vestfjörðum</u>					
Allir	0,4	1,4	0,0	0,0	3195
Flugfarþegar	0,3	1,3	0,0	0,0	2674
Ferjufarþegar	0,8	1,9	0,0	0,0	521
<u>Fjöldi nátta á Norðurlandi</u>					
Allir	2,4	4,0	2,0	0,0	3043
Flugfarþegar	2,1	4,1	1,0	0,0	2561
Ferjufarþegar	3,8	3,1	3,0	3,0	482
<u>Fjöldi nátta á Austurlandi</u>					
Allir	1,2	4,0	0,0	0,0	3097
Flugfarþegar	0,9	3,4	0,0	0,0	2617
Ferjufarþegar	2,8	2,0	2,0	2,0	480
<u>Fjöldi nátta á Suðurlandi</u>					
Allir	2,8	8,0	2,0	0,0	3004
Flugfarþegar	2,7	8,6	1,0	0,0	2516
Ferjufarþegar	3,3	2,9	3,0	3,0	488
<u>Fjöldi nátta á hálendinu</u>					
Allir	1,2	2,5	0	0	3139
Flugfarþegar	1,0	2,3	0,0	0,0	2624
Ferjufarþegar	1,9	3,0	0,0	0,0	515



**Tafla 2.2**  
Fjöldi daga sem dvöl á Íslandi varði

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta svar	Fjöldi svara
Allir	15,2	30,6	14,0	14,0	3225
Flugfarþegar alls	14,7	33,3	12,0	14,0	2684
Flugfarþegar í fríi	12,8	9,2	13,0	14,0	2016
Ferjufarþegar alls	17,6	8,0	15,0	21,0	541
Ferjufarþegar í fríi	17,6	7,7	15,0	21,0	454

**Tafla 2.3**  
Með hverjum var ferðast - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Einn á ferð	25,5	10,7
Með fjölskyldu/vinum	60,8	76,2
Annar hópur	13,7	13,1
Fjöldi	2699	543
p = 0.0000 ***		

**Tafla 2.4**  
Tegund ferðar - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Pakkaferð	40,0	14,6
Á eigin vegum	51,4	80,5
Pakki og á eigin vegum	8,6	4,9
Fjöldi	2667	528
p = 0.0000 ***		

**Tafla 2.5**  
 Voru flug og aðrar ferðir innifaldar í pakkaferð?  
 - greint eftir ferðamáta til og frá landi

	Flug %	Ferja %
Nei	4,0	13,4
Já	96,0	86,6
Fjöldi p = 0.0001 ***	1187	97

**Tafla 2.6**  
 Var gisting innifalin í pakkaferð?  
 - greint eftir ferðamáta til og frá landi

	Flug %	Ferja %
Nei	5,6	16,5
Já	94,4	83,5
Fjöldi p = 0.0001 ***	1187	97

**Tafla 2.7**  
 Voru skoðunarferðir innifaldar í pakkaferð?  
 - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Nei	29,1	52,6
Já	70,9	47,4
Fjöldi p = 0.0000 ***	1187	97

**Tafla 2.8**  
 Var matur innifalinn í pakkaferð?  
 - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Nei	21,1	33,0
Já-ótilgreint	33,7	12,4
Já -fullt fæði	16,8	19,6
Já-hálft fæði	28,4	35,1
Fjöldi	1187	97
p = 0.0001 ***		

**Tafla 2.9**  
 Voru skemmtanir innifaldar í pakkaferð?  
 - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Nei	83,7	83,5
Já	16,3	16,5
Fjöldi	1187	97
p = 1.0000 (ekki marktækt)		

**Tafla 2.10**  
 Hver er skoðun þín á verði gistingar á Íslandi?  
 - greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Of hátt verð	47,8	43,9
Viðráðanlegt verð	50,1	53,9
Ódýrara en búist var við	2,1	2,2
Fjöldi	2077	401
p = 0.3549 (ekki marktækt)		

**Tafla 2.11**  
Hver er skoðun þín á verði matar og drykkjar á Íslandi?  
- greint eftir ferðamáta til og frá landinu

	Flug %	Ferja %
Of hátt verð	76,1	79,5
Viðráðanlegt verð	23,3	19,5
Ódýrara en búist var við	0,6	1,0
Fjöldi p = 0.1235 (ekki marktækt)	2509	512

**Tafla 2.12**  
Verð á flugmiða/skipsmiða á mann  
(í íslenskum krónum: miðað er við meðalgengi í júlí og ágúst 1991)

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta verð	Fjöldi svara
Allir	48.588	28.728	40.300	35.200	1652
Flugfarþegar	47.742	29.926	38.859	29.392	1316
Ferjufarþegar	51.900	23.193	49.280	52.800	336

**Tafla 2.13**  
Verð pakkaferðar á mann

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta verð	Fjöldi svara
Allir	116.774	53.477	113.960	124.800	1301
Flugfarþegar	118.647	57.733	116.400	124.800	1199
Ferjufarþegar	94.534	57.390	74.250	45.105	101

**Tafla 2.14**  
Önnur eyðsla innanlands (að frádregnu verði farmiða/ pakkaferðar) í ísl. kr.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta svar	Fjöldi svara
<u>Önnur eyðsla (fjölsk/hópur)</u>					
Allir	72.789	104.869	42.240	70.400	2863
Flugfarþegar	70.091	110.291	36.900	35.200	2376
Ferjufarþegar	85.951	71.484	70.400	70.400	487
<u>Eyðsla á mann alls</u>					
Allir	42.477	52.485	26.870	35.200	2584
Flugfarþegar	42.330	55.468	25.000	35.200	2132
Ferjufarþegar	43.170	35.194	35.200	35.200	452
<u>Eyðsla á mann á dag</u>					
Allir	4.048	6.145	2.300	2.514	2562
Flugfarþegar	4.335	6.650	2.395	1.257	2114
Ferjufarþegar	2.694	2.252	2.095	2.514	448

**Tafla 2.15**  
Heildarútgjöld á mann vegna ferðarinnar,  
(farmiði/ pakkaferð+ eyðsla innanlands) í ísl. kr.

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta svar	Fjöldi svara
Allir:	121.703	70.346	109.000	130.000	2195
Flugfarþegar	125.388	73.171	113.750	130.000	1828
Ferjufarþegar	103.347	50.325	89.760	88.000	367

**Tafla 2.16**  
**Heildarútgjöld einstaklings vegna ferðarinnar á dag**  
**(farmiði/ pakkaferð+ eyðsla innanlands) í ísl. kr.**

	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi	Algengasta svar	Fjöldi svara
Allir:	12.877	13.322	9.643	7.040	2179
Flugfarþegar	14.043	14.128	10.747	7.040	1814
Ferjufarþegar	7.084	5.231	5.287	4.190	365

### I.3. Áreiðanleiki niðurstaðna

Út frá töflu 3.1 um vikmörk er hægt að meta tölfræðilegan áreiðanleika þeirra niðurstaðna sem fram koma í köflum 1.1-2.16. Vikmörk segja til um með hve miklu öryggi draga má ályktanir af niðurstöðum úrtakskönnunar sem þessarar, um þýðið í heild sinni (í þessu tilfelli samanstendur þýðið af öllum þeim ferðamönnum sem fóru frá Íslandi, annars vegar með flugi og hins vegar með ferju, á tímabilinu 28. júní til 31. ágúst 1991).

Vikmörk niðurstaðna er einkar mikilvægt að hafa í huga við lestur þessarar skýrslu vegna þess hve hóparnir sem verið er að bera saman eru misstórir (flugfarþegar eru 2727, ferjufarþegar 547) og niðurstöður fyrir þá þar af leiðandi misáreiðanlegar.

Sem dæmi má taka tölur úr töflu 2.11, þar sem finna má svör um afstöðu manna til verðlagningar á mat og drykk á Íslandi, sundurgreint eftir því hvort menn ferðuðust með flugi eða ferju. Þar kemur fram að 76,1% þeirra flugfarþega sem svara spurningunni þykir verð á mat og drykk vera of hátt. Svarendahópur flugfarþega í þessari spurningu er um 2500 manns. Úr töflunni hér að neðan má lesa að vikmörkin í slíku tilviki eru  $\pm 1,65\%$ , miðað við 75% svörun og 2500 manna úrtak. Í ljósi þess er óhætt að segja með 95% öryggi að af öllum ferðamönnum sem koma til landsins með flugi séu 74,45 til 77,75% þeirrar skoðunar að matur og drykkur séu of dýrir.

Þegar litið er á ferjufarþegana sem svara þessari spurningu kemur í ljós að 79,5% þeirra telja verðlag á mat og drykk of hátt hér á landi. Við fyrstu sýn virðist það vera mun hærra hlutfall en hjá flugfarþegum. Vikmörkin í þessu tilfelli eru þó mun stærri, eða  $\pm 3,5\%$ , miðað við 80% svörun og 500 manna úrtak. Töluna skal því túlka svo að með 95% öryggi sé hægt að segja að 76-83% ferjufarþega þyki verð á mat og drykk of hátt.

Í heild má segja að sá munur sem kemur fram á skoðunum ferjufarþega og flugfarþega á verðlagningu matar og drykkjar sé með naumindum marktækur, þar eð vikmörk hópanna eru mjög nálægt því að skarast. Þegar vikmörk niðurstaðna hjá tveim hópum sem bornir eru saman skarast *ekki* má segja að munurinn milli þeirra sé marktækur.

**Tafla 3.1**  
**Vikmörk í úrtakskönnunum**

Stærð svarenda- hóps	<u>Niðurstöðutölur í %</u>									
	(95% öryggismörk)									
	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	35/65	40/60	45/55	50
500	1,9	2,6	3,1	3,5	4,0	4,0	4,2	4,3	4,4	4,4
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,0	3,1	3,1
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,4	2,5	2,5	2,5
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	1,9	2,0	2,1	2,1	2,2	2,2
3000	0,8	1,1	1,3	1,4	1,4	1,6	1,7	1,8	1,8	1,8
5000	0,6	0,8	1,0	1,1	1,2	1,3	1,3	1,4	1,4	1,4